

Staða sóttvarnalæknis laus til umsóknar

Embætti landlæknis auglýsir stöðu sóttvarnalæknis lausa til umsóknar. Um starf sóttvarnalæknis fer samkvæmt lögum nr. 19/1997 með síðari breytingum, reglugerðum og öðrum lögum eftir því sem við á.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn ráðherra. Við embættið skal starfa sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum. Umsækjandi um stöðu sóttvarnalæknis skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra og stjórnunarreynslu. Leitað er að einstaklingi með góða samskipta- og leiðtogaþæfileika.

Hlutverk sóttvarnalæknis er meðal annars eftirfarandi:

- Að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna og almennum og opinberum sóttvarnaráðstöfunum, þar með talið ráðstöfunum vegna heilsufarslegra afleiðinga sýkla, eiturefna og geislavirkra efna og annarra bráðra heilsufarsógna.
- Að vera landstengiliður vegna alþjóðaheilbrigðisreglugerðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
- Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisáðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við far-sóttum.
- Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma.
- Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.
- Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innanlands sem utan, til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
- Að vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar.
- Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. með upplýsingum og fræðslu til almennings.

Vakin er athygli á því að skipulag og verkaskipting stjórnáslustofnana velferðarráðuneytisins kann að koma til endurskoðunar í náninni framtíð, meðal annars í þeim tilgangi að efla heilbrigðisþjónustu og forvarnir. Það kann að leiða til þess að breytingar verði gerðar á starfsemi Embættis landlæknis.

Ráðið verður í starfið frá 1. september 2015. Um kjör sóttvarnalæknis fer samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra.

Landlæknir hvetur konur, jafnt sem karla, til að sækja um starf sóttvarnalæknis.

Upplýsingar um starfið veitir Birgir Jakobsson landlæknir (birgir@landlaeknir.is) í síma 510 1900.

Umsóknarfrestur er til og með **1. maí 2015**. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknir skulu sendar til Embættis landlæknis, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík eða á netfangið mottaka@landlaeknir.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 5101900 - Bréfasími 5101919 - mottaka@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is